

ANNA BJÖRK EINARSDÓTTIR, BENEDIKT HJARTARSON
OG GUÐRÚN STEINÞÓRSDÓTTIR

Rauðar heimsbókmenntir

Inngangur

Það hefti *Ritsins* um rauðar heimsbókmenntir sem hér birtist á upptök sín í alþjóðlegri ráðstefnu sem haldin var við Háskóla Íslands í maímánuði árið 2023.¹ Á þinginu kom saman fjölbjóðlegur hópur fræðimanna sem flutti ríflega fjöru-tíu erindi sem vörpuðu ljósi á margbrotnar birtingarmyndir þeirra bókmennta sem rekja má til alþjóðlegrar starfsemi róttækra vinstrihreyfinga á tuttugustu öld. Saga og landslag þeirrar hefðar sem hér er kennd við rauðar heimsbókmenntir mótast af efnahagslegri og pólitískri þróun á nítjándu og tuttugustu öld, sem og þeim bókmenntakerfum sem mynduðust í tengslum við alþjóðasinnnaðar vinstrihreyfingar tuttugustu aldar. Hugtakið er þannig nokkuð víðfeðmt og tekur meðal annars til sósíalískra bókmennta nítjándu aldar, róttækra bókmenntahreyfinga millistríðsáranna, menningarstarfs á tímum kalda stríðsins sem og þeirra tilrauna sem gerðar hafa verið til að endurskoða og jafnvel endur-vekja þessar hefðir í samtímanum.² Í ráðstefnukallinu var vikið sérstaklega að mikilvægi Kominterns, eða Þriðja alþjóðasambandsins, og menningarstarfsemi sem því tengdist á tímabilinu 1919–1943, um leið og undirstrikað var hvernig hún „snerist að miklu leyti um tilraunir til að skapa nýtt hefðarveldi heimsbók-

¹ Ráðstefnan „Rauðar heimsbókmenntir“ var haldin dagana 11.–12. maí 2023. Ráðstefnan var hluti af nýdoktorsverkefni „Öreigabókmenntir jaðranna: Róttækar bókmenntir millistríðsáranna (1918–1939)“ sem styrkt var af Rannsóknasjóði Rannís. Ráðstefnan var styrkt af RANNÍS, Ráðstefnusjóði Hugvísindastofnunar HÍ og Sjóði rektors, auk stuðnings frá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Bókmennta- og listfræðastofnun Háskóla Íslands.

² Sjá umfjöllun um tímabilaskiptingu alþjóðasambands skáldsagnahöfunda í Michael Denning, *Culture in the Age of Three Worlds*, London: Verso, 2004, bls. 51–72.



Ritid

2. tbl. 24. árg. 2024 (1-12)

© 2024 Ritid, úmarit Hugvísindastofnunar
og höfundar greinarinnar

Útgefandi:
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.
Tengiliður: ritid@hi.is

DOI: 10.33112/ritid.24.2.1
Birt samkvæmt skilmálum
Creative Commons BY (4.0).

mennta og -menningar“. Enn fremur var lögð áhersla á hvernig þessu „nýja hefðarveldi“ var „stefnt gegn því hefðarveldi borgaralegra bókmennta og lista sem hverfðist um starfsemi í helstu menningarborgum Evrópu á þessum tíma“. Í fyrirlestrunum á þinginu var sjónum beint að margvíslegum þáttum þessa kerfis og tilbrigðum byltingarsinnaðra bókmennta allt frá Norðurálfu og Vesturheimi til landsvæða í Afríku, Suður-Ameríku og suður- og austurhluta Asíu. Þær sjö frumsömdu fræðigreinar sem hér birtast eru allar unnar upp úr fyrirlestrum frá þinginu og veita allgóða innsýn í það þverþjóðlega samhengi sem þar var til umfjöllunar, þótt sjónarhornið sé að mestu bundið við Ísland og Norðurlönd, hinn þýskumælandi heim og Rómönsku Ameríku, sem og menningarstarf í Sovétríkjunum og það veigamikla hlutverk sem það gegndi innan hins nýja heimsbókmenntakerfis.

Þegar horft er til þess heimsbókmenntakerfis sem byggðist upp á starfstíma Kominterns var Moskva augljóslega í hlutverki nokkurs konar miðstöðvar og þegar lítið er yfir menningarstarfsemi tímabilsins í heild má segja að borgin hafi ekki síður gegnt miðlægu hlutverki en borgir eins og París, Berlín, Vín eða London, sem gjarnan er vísað til sem helstu menningarmiðstöðva í umræðum um heimsbókmenntir og alþjóðlega strauma nútímans.³ Um leið og lögð er áhersla á hlutverk Moskvu er þó ekki síður mikilvægt að horfa til þeirra bókmenntahefða „sem þróuðust í fjarlægð frá miðju menningar- og bókmenntakerfis Sovétríkjanna eða á jöðrum kerfisins“ eins og undirstrikað var í lýsingunni á inntaki ráðstefnunnar, þar sem markmiðið var að kanna „þá bókmenntaheima og þau tengslanet sem mótuðust innan ákveðinna þjóðlanda eða á stærri menningar- og tungumálasvæðum“. Tengsl innan rauða heimsbókmenntakerfisins byggðust upp með margvíslegum hætti, megináherslan í rannsóknum hefur jafnan verið á samband ólíkra höfunda, hópa eða þjóðarbókmennta við þær línur sem lagðar voru í Moskvu en síður hefur verið hugað að fjölþættum tengslum á milli ólíkra þjóðarbókmennta og jaðarsvæða innan kerfisins. Í fræðigreininum sem hér birtast er varpað ljósi á slík tengsl frá ólíkum sjónarhornum og brugðið upp annars konar mynd af alþjóðasinnuðum heimsbókmenntum tímabilsins, þar sem einnig er horft til þess fjölbreytta alþjóðlega höfundahóps sem tengdist hinu rauða heimsbókmenntakerfi, en í þeim hópi mátti ekki aðeins finna flokksbundna kommúnista heldur einnig höfunda með lauslegri tengsl við hreyfinguna eða samferðamenn hennar.

³ Um mikilvægt hlutverk Moskvu sem miðstöðvar hins nýja heimskerfis alþjóðasinna, sjá meðal annars Katerina Clark, *Moscow, the Fourth Rome. Stalinism, Cosmopolitanism, and the Evolution of Soviet Culture, 1931–1941*, Cambridge Massachusetts og London: Harvard University Press, 2011.

Heimsbókmenntahugtakið hefur verið áberandi í rannsóknum á sviði almenningar bókmenntafræði á síðustu áratugum og segja má að tímabilið frá og með upphafi tíunda áratugar síðustu aldar hafi markast af endurkomu heimsbókmenntanna sem sérstaks rannsóknasviðs innan bókmenntafræði, einkum í hinum enskumælandi fræðaheimi.⁴ Heimsbókmenntahugtakið á sér langa og flókna sögu, en útbreiðsla þess er gjarnan rakin aftur til skrifa Johanns Wolfgang von Goethe, þótt finna megi eldri dæmi um notkun þess.⁵ Í því samhengi er gjarnan vísað til samræðna Goethes við skáldið Johann Peter Eckermann sem komu út á prenti árið 1836. Orðinu bregður raunar mun víðar fyrir í skrifum Goethes, sem greip meðal annars til þess í umræðum um serbnesk þjóðkvæði, persneska ljóðlist og kínverskar bókmenntir, þótt hann skilgreini merkingu þess hvergi með skýrum hætti.⁶ Einkum má þó nefna þrjú atriði í skrifum Goethes sem hafa vegið þungt í sögu hugtaksins. Í fyrsta lagi má þar nefna sjónarhorn hans á „skáldskapinn“ sem „sameign mannkynsins“,⁷ í öðru lagi athugasemdir hans um hlutverk þýðinga og í þriðja lagi sjónarhornið á samband þjóðarbókmennta og heimsbókmennta og hina sögulegu þróun. Einkum er vert að dvelja við síðasttalda atriðið, en Goethe komst meðal annars svo að orði: „þjóðarbókmenntir hafa ekki mikla þýðingu lengur, öld heimsbókmenntanna er að renna upp og hver og einn verður að leggja sitt af mörkum til að greiða leiðina fyrir komu þessarar aldar“.⁸ Með þessum orðum víkur Goethe að því sögulega ferli sem liggur mótun heimsbókmenntahugtaksins að baki, en það er engin tilviljun að það kemur einmitt fram á tímabili þegar bókmenntaþýðingar stóðu í miklum blóma í Evrópu og textafræðingar unnu ötult starf við að færa lesendum álfunnar texta og bókmenntaverk frá fjarlægum heimshlutum. Þannig hefur verið bent á að heimsbókmenntahugtakið tekur á sig mynd í samhengi nýlendustefnunnar og þjórnar öðrum þræði sem „kerfi menningarlegrar kortlagningar“, þegar heimur-

⁴ Um áhersluna á heimsbókmenntahugtakið innan hins enskumælandi fræðaheims og einkum tengslin við háskólaumhverfið í Bandaríkjunum, sjá Theo D’haen, *The Routledge Concise History of World Literature*, London og New York: Routledge, 2012, hér einkum bls. 74–95.

⁵ Eins og Gauti Kristmannsson hefur bent á má meðal annars finna athyglisvert dæmi um eldri notkun hugtaksins í skrifum Augusts Ludwigs Schlözer um íslenskar miðaldabókmenntir. Sjá Gauti Kristmannsson, „The Nordic Turn in German Literature“, *Edinburgh German Yearbook*, 1. bindi: *Cultural Exchange in German Literature*, ritstjórar Eleoma Joshua og Robert Vilain, Rochester, New York: Camden House, 2007, bls. 63–72.

⁶ Sjá Dieter Lamping, *Die Idee der Weltliteratur. Ein Konzept Goethes und seine Karriere*, Stuttgart: Alfred Kröner Verlag, 2010, bls. 21–25, hér einkum bls. 21.

⁷ Vitnað eftir sömu heimild, bls. 15.

⁸ Vitnað eftir sömu heimild, bls. 17.

inn er brotinn upp í ólík svæði siðmenningar og hefðum þeirra, bókmenntum og öðrum menningarafurðum er fundinn staður innan hnattræns kerfis viðskipta, stjórnsýslu og borgaralegra menningarstofnana.⁹

Heimsbókmenntir eru með öðrum orðum fjarri því hlutlaust hugtak sem lýsir þeim sammannlegu gildum sem gjarnan er lögð áhersla á að bókmenntir miðli, heldur þjónar hugtakið allt frá upphafi sem hugmyndafræðilegt verkfæri skipulagningar, kortlagningar og rányrkju. Það er á sinn hátt markvert að lýsing Goethes á hinni sögulegu þróun í átt til heimsbókmennta átti síðar eftir að finna enduróm í fleygum orðum Marx og Engels í *Kommúnistaávarpinu*, þar sem þeir lýsa því hvernig mótun hins borgaralega heimsmarkaðskerfis leiði til þess að „[a]ndleg verðmæti einstakra þjóða verð[i] allra eign“ og „upp úr sundurleitum þjóðbókmenntum og staðbundnum bókmenntum sprett[i] heimsbókmenntir“.¹⁰ Í því samhengi sem hér er lýst má segja að heimsbókmenntahugtakið öðlist tví-bent hlutverk: annars vegar felur það gjarnan í sér áherslu á sérstætt gildi bókmennta er myndi sjálfstæðan vettvang sem sé óháður mati á markaðs- eða notagildi og hverfist um sammannlega reynslu; hins vegar hverfist það um stöðu bókmennta sem sérstakrar tegundar markaðsvarnings og leit að leiðum til að finna þeim stað innan heimsmarkaðskerfis í stöðugri mótun. Í því samhengi gegna þýðingar augljóslega lykilllutverki, enda er það með þýðingum sem verk rata inn í hnattrænt kerfi bókmenntanna og geta gengið þar kaupum og sölum, en innan þessa kerfis eru ólík tungumál og samfélög augljóslega í missterkri stöðu sem mótast af heimspólítískri þróun.

Sá skilningur sem liggur heimsbókmenntahugtaki róttækra vinstrihreyfinga á tuttugustu öld til grundvallar mótast mjög af því að skilgreina hina alþjóðlegu verkalýðsstétt sem arftaka borgarastéttarinnar á menningarsviðinu. Þannig var bókmenntum nítjándu aldar oft hampað sem fyrirrennara þessarar hefðar og hinar nýju rauðu bókmenntir settar í samhengi við sígildar heimsbókmenntir fyrri tíma.¹¹ Aijaz Ahmad dregur þennan þráð hugtaksins fram í grein sinni um heimsbókmenntir og *Kommúnistaávarpið* og segir að heimsbókmenntir séu í senn afurð kapítalískis markaðskerfis og andstæða þess. „Eins og sósíalismiinn

⁹ Aamir R. Mufti, *Forget English! Orientalisms and World Literatures*, Cambridge Massachusetts og London: Harvard University Press, 2016, bls. 20.

¹⁰ Karl Marx og Friedrich Engels, *Kommúnistaávarpið*, þýðandi Sverrir Kristjánsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2010, bls. 181.

¹¹ Í íslensku samhengi má hér til að mynda nefna ritdóm Einars Ólafs Sveinssonar um skáldsöguna *Sement* eftir sovéska höfundinn Fyodor Gladkov sem birtist í *Skírni* árið 1929, þar sem hann líkir bókinni við Ódyseifskviðu Hómers. Sjá Einar Ól. Sveinsson, „Cement“, *Skírni* 1/1929, bls. 171–184; sjá einnig Kristinn E. Andrússon, „Ný bókmenntastefna“, *Rauðir pennar* 1/1935, bls. 13–60.

sjálfur“, skrifar Ahmad, „eru heimsbókmenntir sjóndeildarhringur: mælikvarði ókomins tíma“.¹² Sú hefð sem hér er kennd við „rauðar heimsbókmenntir“ vinnur einmitt með þetta tvíþætta hlutverk heimsbókmenntanna sem Ahmad bendir á. Annars vegar var kominn grundvöllur fyrir framleiðslu og dreifingu á bókmenntum sem gætu náð til fjöldans og hins vegar var kallað til fjöldans að skrifa sínar eigin heimsbókmenntir. Á fyrstu áratugum tuttugustu aldar snerist því umræðan um rauðar heimsbókmenntir að miklu leyti um það hvernig verkalýðsstéttin gæti tekið við því hlutverki sem borgarastéttin hafði áður haft: að sjá fram til ókomins tíma. Blómaskeiði borgarastéttarinnar sem afls framfara var lokið bæði á sviði stjórnmála og menningar. Hún var ekki lengur talin hreyfiáfl sögunnar og spurningin sem glímt var við á vettvangi menningarinnar snerist að miklu leyti um leitina að nýju bókmenntaformi er gæti tekið við því hlutverki sem skáldsaga nítjándu aldar hafði áður gegnt. Á Vesturlöndum er þekktasti angi þessarar umræðu án efa deilurnar um raunsæi, þar sem skrif Georgs Lukács léku mótandi hlutverk,¹³ en einnig má skoða verkefni á borð við hina stóru „epísku“ skáldsögu sem varð miðlæg í menningarstarfi Sovétríkjanna eftir rithöfundapíngið í Moskvu 1934, þar sem sósíalískt raunsæi var gert að opinberri stefnu.¹⁴ Raunsæisdeilur vestrænna marxista og sósíalíska raunsæisskáldsagan í Sovétríkjunum eru vitaskuld mjög ólíkar leiðir til að fást við og móta þessar nýju bókmenntir. Þær eiga þó engu að síður sameiginlegt að líta svo á að ný stétt, verkalýðsstéttin, hafi tekið völdin á menningarsviðinu og að hún þurfi að þróa ný bókmenntaform, skrifa heimsbókmenntir í sínu nafni og á sínum forsendum.

Þrátt fyrir að eftirstriðsárin mótist af menningarlandslagi kalda stríðsins og tímabilið sé að mörgu leyti frábrugðið árunum fyrir síðari heimsstyrjöld, þá héldu þessar umræður um bókmenntaform og fagurfræði áfram. Mikilvægi Sovétríkjanna, sem og trúin á að iðnvædd samfélög vestursins og verkalýðsstétt þeirra myndu umbylta framleiðsluferfinu, tók að dvína og segja má að þriðji heimurinn og þjóðir hans hafi tekið við því hlutverki að sjá inn í ókomna tíma. Tímabilið einkennist fyrst og fremst af togstreitunni á milli módernisma og

¹² Aijaz Ahmad, „The Communist Manifesto and „World Literature““, *Social Scientist* 7–8/2000, bls. 3–30, hér bls. 29.

¹³ Sjá til dæmis samantekt á umræðunum um raunsæi í Ronald Taylor (ritstjóri), *Aesthetics and Politics*, London: NLB, 1977; sjá einnig Ástráður Eysteinnsson, „Baráttan um raunsæið. Um módernisma, raunsæi og hefð“, *Umbrot. Bókmenntir og nútími*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1999, bls. 30–55.

¹⁴ Sjá Katerina Clark, *Moscow, the Fourth Rome*. Sjá einnig yfirlit um þróun menningarmála í Sovétríkjunum á millistríðsárunum í Dominick Lawton, „Chronology. Comintern Aesthetics: Between Politics and Culture“, *Comintern Aesthetics*, ritstjórar Amelia M. Glaser og Steven S. Lee, Toronto: Toronto University Press, 2020, bls. xiii–xxi.

raunseis. Monica Popescu lítur til að mynda á hugtökin sem einkennandi fyrir tvö bókmenntakerfi sem hún segir að hafi keppt um að ná ráðandi stöðu á sviði menningarpólítíkur og bendir á að undir lok sjöunda áratugarins hafi þessi hugtök verið orðin að „slagorðum yfir tvö stærri fagurfræðileg heimskerfi“.¹⁵ Þriðjaheimsskáldsagan og töfraraunseái hennar, sem setur mark sitt á bókmenntir Rómönsku Ameríku, Afríku og margra annarra heimshluta sem féllu fyrir utan fyrsta og annan heiminn á eftirstriðsárunum, gegndi mikilvægu hlutverki innan þessa landslags og kepptust stórveldin að einhverju leyti um að gera tilkall til þessara skrifa.¹⁶ Líkt og Michael Denning bendir á, þá stóð töfraraunseái eftirstriðsáranna í nánnum tengslum við pólitískar hreyfingar á þessum árum, þar á meðal afnýlenduhreyfingar svokallaðs Bandung-tímabils.¹⁷ Bandung-ráðstefnan í Indónesíu árið 1955 markar að mörgu leyti upphaf nýs skeiðs sem mótast af baráttu róttækra pólitískra hreyfinga á forsendum afnýlenduvæðingar sem starfi óháðu hreyfingarinnar (e. *non-aligned movement*).¹⁸ Með því að staðsetja höfundu á borð við keniska höfundinn Ngũgĩ wa Thiong’o (f. 1938), ganaíska höfundinn Ayi Kwei Armah (f. 1939) og senegalska kvikmyndagerðarmanninn og rithöfundinn Ousmane Sembène (1923–2007) innan landslags kalda stríðsins dregur Popescu fram pólitísku hliðina á verkum þessara höfunda, sem bókmenntafræði eftirlendufræðanna hefur horft fram hjá eða beinlínis sniðgengið. Enn fremur staðsetur Popescu endurkomu heimsbókmenntahugtaksins innan þess menningarlandslags sem mótaðist eftir fall Sovétríkjanna og þriggja heima kerfisins. Hún bendir á að endurvakning hugtaksins á tíunda áratugnum „samsvari hinni hnattrænu vídd kapitalískrar nýfrjálshyggju“.¹⁹

Þegar heimsbókmenntahugtakið ratar af nokkrum þunga inn í alþjóðlega umræðu á ensku á upphafsárum tíunda áratugarins gerist það ekki í sögulegu tómarúmi. Þannig má rekja aukið vægi hugtaksins til falls Berlínarmúrsins og þróunar heimsmála, þegar markaðsöfl á Vesturlöndum taka að sækja inn á ný

¹⁵ Monica Popescu, *At Penpoint. African Literatures, Postcolonial Studies, and the Cold War*, Durham: Duke University Press, 2020, bls. 72.

¹⁶ Sjá til dæmis nýlega umræðu í Peter J. Kalliney, *The Aesthetic Cold War. Decolonization and Global Literature*, Princeton: Princeton University Press, 2022.

¹⁷ Michael Denning, *Culture in the Age of Three Worlds*, bls. 51–72.

¹⁸ Á þessum tíma tekur kvikmyndaíðnaðurinn að sumu leyti við því hlutverki sem bókmenntir höfðu gegnt á árunum fyrir stríð. Sjá Rossen Djagalov, *From Internationalism to Postcolonialism. Literature and Cinema Between the Second and the Third Worlds*, Montreal: McGill-Queen’s University Press, 2020; Masha Salazkina, *World Socialist Cinema. Alliances, Affinities, and Solidarities in the Global Cold War*, Oakland: University of California Press, 2023.

¹⁹ Monica Popescu, *At Penpoint*, bls. 190.

menningarsvæði. Einna þekktastur þeirra fræðimanna sem lögðu sitt af mörkum til að endurvekja heimsbókmenntahugtakið er Franco Moretti, en í lykilmálinni sinni frá árinu 2000 setti hann sér að bjarga bókmenntahluta hugtaksins undan oki hinna nýju hnattrænu viðskiptahátta.²⁰ Þegar horft er til skrifna þeirra fræðimanna sem hafa haft mótandi áhrif á fræðilegar umræður um heimsbókmenntir á síðastliðnum árum er einnig vert að nefna áhrifamikið rit Pascale Casanova um „heimslýðveldi bókmenntanna“.²¹ Frá sjónarhorni Casanova hverfist þetta heimslýðveldi í öllum meginatriðum um höfuðborg þess í París og dregin er upp mynd af heimsbókmenntakerfi þar sem höfundar ólíkra þjóðarbókmennta ganga til samræðu og bregðast við þeim straumum sem þaðan berast eða leitast við að fóta sig sem höfundar í þessu höfuðvígi heimsmenningarinnar.

Sjónarhorn bæði Morettis og Casanova gengur út frá því að heimsbókmenntirnar myndi heildstætt kerfi og er fyrir vikið ófært um að lýsa tilvist og hlutverki annars konar bókmenntakerfa sem þrífist hafa samhliða og jafnvel í andstöðu við hið ríkjandi borgaralega heimsbókmenntakerfi. Þannig hefur verið bent á fjarveru róttækra vinstrisinnaðra bókmenntahefða í skrifum Casanova, sem markast af blindu á tilvist fjölmargra ólíkra bókmenntakerfa og hefða. Líkt og Rossen Djagalov hefur bent á, snýst gagnrýnin ekki aðeins um að kenningakerfi heimsbókmenntafræðanna nái ekki utan um allar bókmenntir eða alla bókmenntaheima, heldur snýr hún einkum að því að þegar svo stór hluti þess sé sniðgenginn fáist skökk mynd af virkni bókmenntakerfisins í heild sinni – sem og margvíslegum átökum innan þess. Í grein sinni um „alþýðveldi heimsbókmenntanna“, þar sem Djagalov notar hugtakið til að draga fram blinduna sem einkennir hið vel þekktu hugtak Casanova, „heimslýðveldi bókmenntanna“, snýr hann upp á aðferðafræði fræðimanna á borð við Casanova og Moretti til að sýna einmitt fram á umfang bókmenntakerfisins í þeim löndum sem tilheyrðu Sovétríkjunum sálugu.²² Rannsóknir á heimsbókmenntakerfi annars heimsins – eða því sem Djagalov kallar alþýðveldi heimsbókmenntanna – hafa lent utan hins fræðilega sjóndeildarhrings. Jafnvel í nýrri rannsókn sem sótt hafa í kenningar eftirlendufræða og leitast við að leiða verk höfunda úr þriðja heiminum inn í ríkjandi heimsbókmenntakerfi fyrsta heimsins og víkka það þar með út, hefur

²⁰ Sjá Emily Apter, *Against World Literature. On the Politics of Untranslatability*, London og New York: Verso, 2013, bls. 1; sjá einnig Franco Moretti, „Conjectures on World Literature“ [2000], *Distant Reading*, London og New York: Verso, 2013, bls. 43–62.

²¹ Pascale Casanova, *La République mondiale des Lettres*, París: Seuil, 2008 [1999].

²² Rossen Djagalov, „The Zone of Freedom? Differential Censorship in the Post-Stalin-era People’s Republic of Letters“, *The Slavonic and East European Review* 98: 4/2020, bls. 601–631.

mikilvægt hlutverk annars heimsins sem uppspretta annars konar bókmennta og mikilvægur vettvangur miðlunar á milli fyrsta og þriðja heimsins verið því sem næst ósýnilegt. Þetta atriði hefur vegið þungt í fræðilegum umræðum um alþjóðasinnaðar eða rauðar heimsbókmenntir á síðustu árum. Djagalov hefur komist svo að orði að mikilvægasta framlag hinnar róttæku bókmenntastarfsemi alþjóðlegu vinstrihreyfingarinnar hafi einmitt verið fólgið í umfangsmiklu verk-efni sem stefndi að því „að umbylta gangverki bókmenntaframléiðslu, dreifingar og neyslu á heimsvísu“.²³

Það er þetta bókmenntakerfi sem er í forgrunni í þessu hefti *Ritsins* og þá ekki eingöngu í tengslum við annan heiminn heldur einnig þau hnattrænu tengsl sem mynduðust innan þessa kerfis og umleikis það. Þannig mynduðust tengsl á milli ólíkra horna, útnára og jaðarsvæða þessa kerfis sem oft lágu fram hjá miðjum þess. Þá beinir umræðan í þessu hefti einnig sjónum að því flókna samspili sem er á milli bókmennta, pólitíkur og efnahagslegrar þróunar. Hér er athyglinni beint sérstaklega að misgengri þróun og áhrifum hennar á bókmenntir, bókmenntakerfi, fagurfræði og form. Það er í þessu samhengi sem kenningar brasilíska bókmenntafræðingsins Roberto Schwarz um misgenga þróun, hugmyndir úr stað og heimsbókmenntir útnára fá sérstakt vægi í þessu hefti *Ritsins*. Umræðan um bókmenntakerfi annars heimsins veitir ákveðið sjónarhorn á efnivið sem margar greinanna sem hér birtast benda á að hafi dottið út af heimskortinu. Sjónarhornið beinist að misgenginu í hinni sögulegu þróun og þeim gagnvettvangi sem myndaðist í kringum rauðar heimsbókmenntir og hvernig þær þróuðust í samfélögum sem töldust ekki til miðstöðva í hinu sósíalíska bókmenntakerfi á tuttugustu öld. Hin þýðingin sem birt er í þýðingahlutanum kemur úr nokkuð annarri hátt. Þar eru teknar saman fjórar styttri greinar um hinar nýju heimsbókmenntir eftir þýska rithöfundinn Franz Jung. Greinarnar voru allar skrifaðar á þriðja áratugnum, þegar heimsbókmenntahugtakið var Jung hugleikið og hann kom með beinum hætti að hinu pólitíska uppbyggingarstarfi í Sovétríkjunum um leið og hann fylgdist glögglega með þeirri viðamiklu útgáfustarfsemi sem var að taka á sig mynd með starfsemi Kominterns. Greinarnar veita forvitnilega innsýn í þá ólíku strauma sem léku um bókmenntakerfi alþjóðasinna á tímabilinu.

Efnistöð í þeim sjö frumsömdu greinum sem hér birtast eru ólík. Flestar snúa þær þó með einum eða öðrum hætti að bókmenntakerfi annars heimsins og verkum sem falla undir þá nýju bókmenntahefð sem var í mótnun á fyrri hluta síðastliðinnar aldar, en vísað var til hennar með ólíkum heitum á tímabilinu og rætt um alþjóðasinnaðar heimsbókmenntir, heimsbókmenntir kommún-

²³ Rossen Djagalov, *From Internationalism to Postcolonialism*, bls. 22.

ista, heimsbókmenntir öreiga – eða „rauðar heimsbókmenntir“, svo vísað sé til þeirrar lýsingar Johannes R. Becher sem hér hefur verið gripin upp í heiti þessa heftis.²⁴ Sjónarhornið á hið rauða heimsbókmenntakerfi snýr þó ekki eingöngu að kortlagningu á útgáfuleiðum, þýðingum, dreifingu eða stofnunum, heldur ekki síður að þeim annars konar bókmenntaverkum sem þarna tóku á sig mynd. Þannig er sjónum einnig beint að þeim fjölbreytilegu verkum og fagurfræðilegu líkönum sem gegndu mikilvægu hlutverki innan hins rauða bókmenntakerfis á ólíkum tímum. Þegar lítið er yfir þá fjölskrúðugu flóru ólíkra verka, strauma, bókmenntategunda, frásagnaraðferða og bókmenntaforma sem setja mark sitt á alþjóðasinnaðar heimsbókmenntir blasir við mynd sem er afar frábrugðin þeirri sem jafnan er dregin upp og leggur megináherslu á átökin á milli raunsæis og módernisma. Líkt og greinarnar draga fram er sú bókmenntasögulega afstaða sem lögð er til grundvallar þegar einblínt er á hin fagurfræðilegu átök á milli raunsæis og módernisma afurð kalda stríðsins, sem hefur ekki aðeins mótað viðtökusögu tiltekinnna bókmenntaverka og höfunda heldur einnig bókmenntasögu ýmissa þjóðlanda.

Í opnunargrein heftisins beinir Anna Björk Einarsdóttir sjónum að víðu landfræðilegu samhengi og varpar ljósi á öreigaskáldsögu millistríðsáranna með hliðsjón af ólíkum en þó skyldum verkum íslenskra, norrænna, bandarískra og rómansk-amerískra bókmennta. Sjónarhorn samanburðarins gegnir lykilhlutverki í greiningu Önnu Bjarkar, þar sem hún leitast við að varpa ljósi á öreigaskáldsögu millistríðsáranna og margbrotin form hennar, sem tengd eru pólitískri, sögulegri og efnahagslegri þróun tímabilsins. Í greininni „Sósíalismi og bókmenntaform í Perú“ fjallar Ericka Beckman um skrif perúska rithöfundarins José Marías Arguedas og rekur sérstæða fagurfræði þeirra aftur til alþjóðlegra strauma sem eiga upptök sín í hinu rauða heimsbókmenntakerfi. Í því samhengi sýnir hún fram á hvernig lesa má skáldsögu höfundarins, *Yawar fiesta*, sem raunsæisverk er bregður upp brotakenndri og sérstæðri mynd af útþenslu kapítalismans og afleiðingum heimsvaldastefnunnar í Perú. Í greininni „Saga tveggja bókmenntaskóla“ fjalla Nicklas Freisleben Lund og Magnus Nilsson um norrænar verkalyðsbókmenntir frá nokkuð öðru sjónarhorni. Þeir sýna fram á mikilvægi þess að huga að því lykilhlutverki sem staðbundnar hefðir verkalýðsbókmennta gegndu í ólíku samhengi og hvernig slíkar hefðir gátu leitt til gagnrýninna viðbragða við hinni fagurfræðilegu leið sósíalíks raunsæis þegar hún var kynnt um miðjan

²⁴ Johannes R. Becher, „Einen Schritt weiter“, *Die Linkskurve* 1/1930, bls. 1; hér vitnað eftir Christoph Schaub, *Proletarische Welten. Internationalistische Weltliteratur in der Weimarer Republik*, Berlín og Boston: De Gruyter, 2019, bls. 89.

fjórða áratuginn. Tvær greinar fjalla um þýskar bókmenntir. Annars vegar fjallar Christoph Schaub um „alþjóðasinnaðar heimsbókmenntir og endurvakningu þeirra á áttunda áratugnum í Vestur-Þýskalandi“. Hann beinir þar annars vegar sjónum að þekktum vettvangsfrásögnum rithöfundarins Egons Erwins Kisch frá þriðja áratugnum, en hins vegar að skrifum Marianne Herzog frá áttunda áratugnum, þar sem hefð vettvangsfrásagnarinnar tekur á sig annars konar mynd í samhengi sósíalíks femínisma, þar sem grafið er undan viðteknum ímyndum hins karlegra byltingarsinna. Grein Jonasar Bokelmann beinir athygli að verkum þýska rithöfundarins Alberts Daudistel, sem dvaldi síðustu sautján ár ævi sinnar í útleið hér á Íslandi. Í greininni lýsir Jonas því hvernig höfundarferill Daudistels mótaðist á afdrifaríkan hátt af pólitískum sviptingum fjórða og fimmta áratugarins. Greinin varpar ekki aðeins ljósi á skrif Daudistels frá tíma Weimar-lýðveldisins, heldur einnig á þau óútgefnu verk sem eftir hann liggja frá tíma Íslandsútleiðarinnar. Hér er sjónum því beint að verkum eins þeirra róttæku höfunda sem segja má að hafi beinlínis horfið úr bókmenntasögunni undir lok fjórða áratugarins. Í grein Benedikts Hjartarsonar er einnig vikið að umfangsmikilli útgáfustarfsemi á þýsku og með hvaða hætti hún teygði sig hingað til lands á þriðja áratugnum. Í grein hans er þó einkum brugðið upp mynd af umfangsmikilli útgáfustarfsemi róttæku vinstrihreyfingarinnar hér á landi á starfstíma Kominterns, með því að kortleggja þýðingaútgáfu tímabilsins og tengja hana umræðunni um hinar nýju rauðu heimsbókmenntir. Í grein sinni um „landnám“ skáldsögunnar *The Jungle* eftir Upton Sinclair á Íslandi, beinir Haukur Ingvarsson loks sjónum að köflum úr forsögu þeirrar hefðar rauðra heimsbókmennta sem átti eftir að taka á sig mynd með starfsemi Kominterns. Í grein sinni dregur hann athyglisverðar tengingar á milli bókmenntasögu, iðnsögu og þjóðfélagsþróunar á þeim umrótstíma þegar vinstrihreyfingin hér á landi var að taka á sig mynd.

Að þessu sinni falla tvær greinar utan þema en báðar eru þær á sviði kvikmyndafraeði. Í greininni „Ég veit ég er ógeð“ fjallar Sjöfn Asare um listrænt og menningarlegt gildi kvikmyndarinnar *Hvalsins* (e. *The Whale*) sem frumsýnd var árið 2022. Frá því að fyrstu stiklur úr kvikmyndinni birtust vakti búningur aðal-leikara hennar, Brendan Fraser, mikla athygli en í myndinni leikur hann Charlie, 272 kílóa þungan dauðvona enskukennara sem yfirgefur aldrei heimili sitt. Sjöfn beinir sérstaklega sjónum að Charlie og ræðir birtingarmynd persónunnar sem feits, samkynhneigðs, hvíts sískynja karlmanns með hliðsjón af kenningum um samfélagsleg áhrif þess að vera mjög feitur og samtvinnun mismunabreyta. Þá fjallar hún einnig um samfélagslegar staðalmyndir um feita sem birtast í kvikmyndinni og kannar hvort þeim sé viðhaldið eða reynt sé að sporna gegn þeim.

Að auki veltir Sjöfn vöngum yfir því hvort hver sem er megi segja hvaða sögu sem er.

Lítt þekkt kvikmyndaumsvif Ásgeirs Long og Valgarðs Runólfssonar á sjötta áratug síðustu aldar eru til umfjöllunar í grein Björns Þórs Vilhjálmssonar „Litla Hollywood í Hafnarfirði“. Árið 1955 sendu Ásgeir og Valgarður frá sér barnastuttmyndina *Tunglið, tunglið taktu mig* og þótt hún tæki aðeins tæplega tuttugu mínútur í sýningu vakti hún töluverða athygli. Tveimur árum síðar sendu þeir félagar frá sér aðra barnamynd; tíðarandaaðlögun á þjóðsagnaævintýrinu *Gilj-trutt*. Í greininni skoðar Björn Þór báðar kvikmyndirnar í ljósi frásagnaraðferðar, tæknilegrar umgjarðar, sjónrænnar áferðar og menningarlegra skírskotana auk þess sem hann setur kvikmyndastarf Ásgeirs og Valgarðs í sögulegt samhengi. Þá setur hann jafnframt fram viðtökufræðilega kenningu um staðmiðaðan leshátt fyrir íslenskar kvikmyndir fyrir stofnun Kvikmyndasjóðs og skýrir viðmiðin fyrir slíkan leshátt með hliðsjón af fræðiskrifum um kvikmyndagerð smáþjóða.

